

S A M P Y K K T I R F Y R I R
Landsbréf-Veðskuldabréfasjóður slhf.

1. Nafn félagsins, heimili, varnarþing og tilgangur.

- 1.1 Félagið er samlagshlutafélag og nafn þess er Landsbréf-Veðskuldabréfasjóður slhf.
- 1.2 Lögheimili og varnarþing félagsins er að Borgartúni 33, Reykjavík, Íslandi.
- 1.3 Tilgangur félagsins er fjárfestingastarfsemi, einkum fjárfestingar í skuldabréfum og láanasamningum með fasteignaveðum.
- 1.4 Grunnmynt félagsins er íslensk króna (ISK).
- 1.5 Félagið er ósjálfstæður skattaðili.

2. Hlutafé, hluthafaskrá og áskrift nýrra hluta

- 2.1 Ábyrgðaraðili félagsins er Landsbréf-Veðskuldabréfsjóður GP ehf.
- 2.2 Hlutafé félagsins er kr. [4.050.000 - krónur fjórar milljónir og fimmtíu þúsund.]¹ Hlutaféð skiptist í einnar krónu hluti eða margfeldi þeirrar fjárhæðar, sem hluthafar eiga í félagini á hverjum tíma. Ábyrgðaraðila er ekki skyldt að leggja fram hlutafé. Þátttaka ábyrðaraðila í skiptingu hagnaðar og taps ræðst af hlutafjáreign hans, sé hún til staðar en ella skal hún engin vera. Engar sérreglur gilda um hluti ábyrgðaraðila.
- 2.3 Heimilt er að hækka hlutafé félagsins með ákvörðun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína.
- 2.4 Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins um allt að [11.933.790.000 krónur, - ellefu milljarðar níu hundruð þrjátíu og þrjár milljónir sjö hundruð og sjötíuþúsund krónur] - að nafnvirði. Heimildin gildir til 30. júní 2018. Stjórn ákveður gengi hinna nýju hluta í félagini. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína.
- 2.5 Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár. Stjórn félagsins er þó heimilt að lækka hlutafé með innlausn hluta eða kaupum á eigin hlutum eftir svofelldum reglum: Heimilt skal að ráðstafa tekjum af eignum félagsins (hvort heldur þar er um að ræða mótteknar arð- eða vaxtagreiðslur eða hagnað af sölu eigna) til hluthafa með greiðslu

¹ Hlutafé hækkað um 21.650.000 kr. að nafnvirði með ákvörðun stjórnar 13. október 2016; um 9.950.000 kr. að nafnvirði þann 21. mars 2017; um 8.830.000 kr. að nafnvirði hinn 24. maí 2017 og um 12.800.000 kr. með ákvörðun stjórnar þann 21. september 2017 og hefur hækkunarheimild stjórnar í grein 2.4 upphaflega að fjárhæð 12.000.000.000 kr. lækkað til samræmis. Þá var hlutafé lækkað um 1.320.000 kr. með ákvörðun aðalfundar 6. maí 2018. Hlutafé var síðan hækkað samkvæmt ákvörðun stjórnar þann 29. júní 2018 um 12.980.000 kr. að nafnvirði, en hækkunarheimild félagsins rann út þann 30. júní. Hlutafé lækkað með heimildum í samþykktum þann 5. september 2019 úr 68.890.000 kr. í 4.050.000 kr.

sd.

á handbæru fé gegn innlausn á eignarhlut í féluginu eða sem endurgjald fyrir kaup á eigin hlutum. Skal innlausnin/kaup eigin hluta fara fram á gengi sem svarar til hreinnar eignar samkvæmt sérstöku uppgjöri sem unnið skal fyrir félagið af þessu tilefni og staðfest skal af endurskoðanda félagsins.

Stjórn félagsins skal einnig vera heimilt að lækka hlutafé hlutafélagsins með innlausn hluta gegn framsali skuldabréfs útgefnu af féluginu sjálfu. Fari slíkt framsal skuldabréfs fram skal gera á því verðmat eins og lög gera ráð fyrir.

- 2.6 Stjórn félagsins skal skrá hlutabréf félagsins með rafrænum hætti í samræmi við ákvæði laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá lögum samkvæmt og skal skrá í hana nafn eiganda hvers einstaks hlutar í féluginu ásamt dagsetningu eigendaskipta og skráningardag hverju sinni. Útskrift frá verðbréfamiðstöð um eignarhald á hlutum í féluginu telst fullnægjandi grundvöllur að hlutaskrá og veitir hún full réttindi þau er samþykktir félagsins mæla fyrir um. Hlutaskrá skal geymd á skrifstofu félagsins og eiga allir hluthafar aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

- 2.7 Eigendaskipti að hlutum í féluginu öðlast ekki gildi fyrr en stjórn þess hefur verið tilkynnt um eigendaskiptin skriflega. Engar hömlur eru á viðskiptum með hlutabréf í féluginu.
- 2.8 Félagið má ekki veita lán út á hluti sína. Féluginu er heimilt að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa. Stjórn félagsins hefur heimild til að kaupa stofnhlutafé félagsins, að nafnvirði 4.000.000 kr., og endurselja þá hluti þá þegar til nýrra hluthafa í tengslum við fyrstu hækkun hlutafjár samkvæmt grein 2.4. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft.
- 2.9 Hluthafi sem ekki er ábyrgðaraðili, ber ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram hluti sína í féluginu. Ábyrgðaraðili ber beina og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins.
- 2.10 Engin sérréttindi fylgja hlutum í féluginu og hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna nema í samræmi við grein 2.5 í samþykktum þessum eða landslög standi til annars.
- 2.11 Stjórn félagsins skal vera heimilt að fjármagna fjárfestingar félagsins með lántöku að fengnu samþykki fjárfestingaráðs, þ.m.t. útgáfu og sölu skuldabréfa. Skal heimilt að skrá þau skuldabréf (öll eða að hluta) á skipulegan verðbréfamarkaði.

Stjórn félagsins skal vera heimilt að taka lán í tengslum við greiðslufall áskrifanda að hlutfé félagsins.

Stjórn skal einnig að fengnu samþykki fjárfestingarráðs sbr. grein 4.4 heimilt að taka skammtímalán í þeim tilgangi að verja hagsmuni félagsins t.d. í tengslum við uppboð á á eignum sem félagið á veðréttindi í.

Að öðru leyti en að ofan greinir skal lántaka félagsins vera óheimil.

3. Hluthafafundir.

- 3.1. Æðsta vald í öllum málefnum félagsins er í höndum hluthafafundar.
- 3.2. Aðalfund félagsins skal halda innan sex mánaða frá lokum reikningsárs ár hvert. Aðalfundir skulu boðaðir með sama hætti og aðrir hluthafafundir samkvæmt ákvæðum greinar 3.3
- 3.3. Stjórn félagsins skal boða til hluthafafunda með tilkynningu til hvers hluthafa með tölvupósti eða öðrum sannanlegum hætti, nema hluthafi hafi óskað eftir boðun bréfleiðis. Boðun með tölvupósti telst gild þegar viðtakandi hefur staðfest móttöku. Til aðalfundar skal boðað með minnst fjórtán daga fyrirvara en aukafund með minnst sjö daga fyrirvara.
- 3.4. Fundarefnis skal getið í fundarboði. Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða helmingi hlutafjár í féluginu hið minnsta. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrrí fundinum ef hann sækja tveir hluthafar eða fleiri eða umboðsmenn þeirra enda ráði þeir yfir fimmtungi hlutafjár í féluginu hið minnsta. Hluthafafundur kýs fundarstjóra og fundarritara.
- 3.5. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu hlutafjár. Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í landslögum eða samþykktum þessum.
Breytingar á félagssamþykktum skulu bornar undir hluthafafund og þurfa þær að hljóta samþykki minnst $\frac{2}{3}$ hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst $\frac{2}{3}$ hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum.
Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins eða um sameiningu þess við önnur félög eða fyrtærki má ekki taka til meðferðar á fundum þess nema þess hafi verið getið í fundarboði.
Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart féluginu eftir að því hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu hluthafafundar hvort heldur sem fyrr er.

- 3.6. Ábyrgðaraðili hefur rétt á að sækja hluthafafundi og hefur hann málfrelsi og tillögurétt. Samþykki ábyrgðaraðila skal liggja fyrir ef gera skal breytingar á samþykktum félagsins.

- 3.7. Á aðalfundi skulu þessi mál tekin fyrir:

- a) Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
- b) Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðenda félagsins til samþykktar.
- c) Kosning fjárfestingarráðs, sbr. grein 4.4.
- d) Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnarmanna og fjárfestingarráðs fyrir störf þeirra á starfsárinu.
- e) Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðendafélags fyrir félagið.

g.2.

- f) Tillaga félagsstjórnar um starfskjarastefnu félagsins sem taka skal mið af viðteknum venjum um góða stjórnarhætti.
 - g) Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.
- 3.8 Mál, sem hafa ekki verið greind í dagskrá hluthafafundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn. Þótt máls hafi ekki verið getið í dagskrá er það því ekki til fyrirstöðu að ákveðið sé að boða til aukafundar til að fjalla um málið, auk þess sem aðalfundur getur ávallt afgreitt mál sem skylt er að taka þar til meðferðar samkvæmt lögum eða félagssamþykktum.
- 3.9 Fundargerðabók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum.

4. Stjórnun félagsins.

- 4.1 Ábyrgðaraðili gegnir hlutverki stjórnar. Stjórnarformaður ábyrgðaraðilans kemur fram fyrir hönd félagsins þegar ábyrgðaraðilinn gegnir hlutverki stjórnar. Til að skuldbinda félagið þarf samþykki meirihluta stjórnar ábyrgðaraðila. Fundur stjórnar er ályktunarbær ef meirihluti stjórnar situr fund og til hans hefur verið boðað með lögmætum hætti. Fundur telst löglega boðaður ef til hans er boðað með sannanlegum hætti með þriggja daga fyrirvara (viðskiptadagar). Heimilt skal að boða til stjórnarfundar með skemmi fyrirvara ef aðstæður krefjast og allir stjórnarmenn eru því samþykkir. Stjórn skal setja sér starfsreglur í samræmi við leiðbeiningar VÍ, SA og NASDAQ um stjórnarhætti.
- 4.2 Stjórn félagsins er heimilt að gera samning við rekstraraðila (rekstrarfélag verðbréfasjóða í skilningi laga um fjármálafyrirtæki) sem mun bera ábyrgð á rekstri félagsins þ.m.t. athugun á fjárfestingarkostum og eftirfylgni með fjárfestingum og umsýslu eigna félagsins. Skal rekstrarfélaginu vera heimilt að útvista rekstrarþáttum. Gera skal sérstakan samning við rekstrarfélagið um framkvæmd starfans. Stjórn félagsins setur félaginu fjárfestingarstefnu og er hún háð staðfestingu fjárfestingarráðs.. Hluthafafundur tekur ákvörðun um uppsögn rekstrarsamnings samkvæmt ákvæði þessu og er ákvörðunin gild ef hún hlýtur samþykkir hluthafa sem ráða yfir minnst 75% hlutafjár í félaginu
- 4.3 Rekstraraðili, verði hann ráðinn, skal leggja félaginu til framkvæmdastjóra/sjóðstjóra og skal stjórn og ábyrgðaraðili staðfesta ráðningu hans. Framkvæmdastjóri, sem jafnframt sinnir stöðu sjóðstjóra, skal koma fram fyrir hönd félagsins í málum er varða daglegan rekstur, í samræmi við samning félagsins og rekstraraðilans. Fram til þess að rekstraraðili er ráðinn að félaginu fer ábyrgðaraðili með framkvæmdastjórn félagsins eða felur öðrum hana.
- 4.4 Fjárfestingarráð skal skipað a.m.k. fimm mönnum sem kosið skal árlega á aðalfundi. Fjárfestingarráð skal fjalla um fjárfestingar áður en þær eru teknar til afgreiðslu í stjórn. Samþykki 80% fjárfestingarráðs þarf til að vísa fjárfestingarákvörðun áfram til stjórnar. Fjárfestingarráð hefur samkvæmt fyrrgreindu neitunarvald um fjárfestingarákvvarðanir en einnig hvað varðar ákvarðanir um meiriháttar rekstrarútgjöld enda séu þau ekki

J.R.

greidd af rekstraraðila. Fjárfestingarákvarðanir eru skilgreindar í samþykktum þessum sem ákvarðanir um kaup og sölu á fjárfestingareignum, lántökur, skuldskeyting skuldaskjala, skilmálabreytingar skuldaskjala og aðgerðir sem varða fullnustueignir þ.m.t. lántökur sem miða að því að tryggja hagsmuni félagsins. Rekstraraðili skal annast utanumhald um fundi fjárfestingarráðs, þ.m.t. boðun fundar, ritun fundargerða, eftir nánari ákvörðun fjárfestingarráðs. Fjárfestingarráð telst ákvörðunarbaert ef meirihluti þess situr fund og hann hefur verið löglega boðaður. Fundur telst löglega boðaður ef til hans er boðað með sannanlegum hætti með þriggja daga fyrirvara (viðskiptadagar). Heimilt skal að boða til fundar fjárfestingarráðs með skemmri fyrirvara ef aðstæður krefjast og allir meðlimir eru því samþykkir.

Fjárfestingaráð skal setja sér starfsreglur sem staðfestar eru af hluthafafundi.

5. Endurskoðun.

- 5.1 Á aðalfundi félagsins skal kjósa einn löggiltan endurskoðanda eða endurskoðendafélag til eins árs fyrir félagið. Endurskoðandi skal endurskoða reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

6. Ársreikningur.

- 6.1 Starfsár og reikningsár er almanaksárið.
- 6.2 Stjórn félagsins skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðanda eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund eða fjórum mánuðum eftir lok almanaksárs, hvort sem fyrr kemur.
- 6.3 Virði eigna skal metið allt að fjórum (4) sinnum á ári, þ.e. í lok hvers ársfjórðungs. Virði eigna félagsins skal tvisvar (2) sinnum, þ.e. í lok árs og um mitt ár, vera háð mati rekstraraðila, undir eftirliti vörlufyrirtækis og endurskoðanda, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Verðmæti hreinnar eignar félagsins ber að greina í íslenskum krónum.
- 6.4 Hluthafar skulu eiga rétt á að fá upplýsingar um stöðu og starfsemi félagsins í formi skýrslu frá rekstraraðila eða árshlutauppgjörs, liggi það fyrir.
- 6.5 Ársreikningar félagsins skulu vera öllum aðgengilegir.

7. Félagaslit og samruni.

- 7.1 Með tillögur um slit og skipti á féluginu, breytingu í hlutafélag eða samruna við annað félag eða önnur félög skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun á eignum þess og skuldum. Ef taka skal ákvörðun um breytingu félagsins í hlutafélag, samruna þess við annað félag eða önnur félög eða skiptingu þess í önnur félög eftir atvikum í örðrum félagaformi, skal slíkt ekki heimilt ef

J.R.

það hefði í för með sér að fjárfestingar einstakra hluthafa í féluginu myndu eftir breytingu vera utan lögboðinna heimilda.

8. Önnur ákvæði

- 8.1 Þar sem ákvæði samþykkta þessa segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um hlutafélög, svo og öðrum íslenskum lagaákvæðum er við geta átt, að svo miklu leyti sem ekki er kveðið á um annað í samningi á milli hluthafa félagsins. Varnarþing félagsins er í Reykjavík.
- 8.2 Sérhver hluthafi er skyldugur til, án sérstaks samþykkis af sinni hálfu, að hlíta reglum félagsins eins og þær eru nú eða eins og þeim kann síðar að verða breytt með lögmætum hætti.

Samþykktir félagsins eftir að hlutafé félagsins var lækkað þann 5. september 2019.



Ingvar Karlsson, framkvæmdastjóri